

130
24. júlí

AUGLÝSING

er varðar tekjuskatt og eignarskatt 1941.

Ákveðið hefur verið að nota heimild 6. gr. laga frá 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, og innheimta tekjuskatt og eignarskatt álagðan á þessu ári með 10% viðauka.

Fjármálaráðuneytið, 24. júlí 1941.

Jakob Möller.

Einar Bjarnason.

131
25. júlí

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur einkarétt til vatnssölu í kaupstaðnum og á höfninni.

Óheimilt er skipum á Siglufjarðarhöfn að taka vatn annars staðar í Siglufirði en úr æðum vatnsveitu Siglufjarðar, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssölu- maður eða vatnsveitustjóri ákveða.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæð frá vatnsveitu kaupstaðarins, annar en sá, sem bæjarstjórn felur það starf.

3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Siglufjarðar, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni fylgi nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað.

Vatnsveitan leggur æðar sínar að stopphana, en vatnsnotandi annast lagningu vatnsæða og viðhald þeirra innan stopphana.

4. gr.

Skýlt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá stopphana vel við, og láta tafarlaust gera við þær ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.

5. gr.

Vatnsveitusjóra, í samráði við bæjarsjóra, er heimilt að loka vatnsæðum kaupstaðarins fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við leka eða aðrar bilanir á leiðslum sínum, eða nota vatn þannig, eða hafa vatnsæðum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af.